

ÁFENGIS- OG TÓBAKSVERSLUN RÍKISINS



Nefndasvið Alþingis
Áslaug Árnadóttir
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

Dagsetning
25. mars 1998

Tilvisun
02,0/HJ

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/1526
komudagur 26. 3. '98

Efni: Umsögn um frumvarp til áfengislaga

Með vísun til bréfs allsherjarnefndar Alþingis til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) dags. 12. mars sl., hefur frumvarp það til nýrra áfengislaga sem nú er til meðferðar á Alþingi verið yfirfarið og gerir ÁTVR eftirfarandi athugasemdir:

1.

Í 1. gr. frumvarpsins er það sagður tilgangur laganna að miða að hófsemd í meðferð áfengis. Hér færi betur að segja "stuðla" að í stað "miða" að.

2.

Í 2. gr. frumvarpsins er skilgreint hvað teljist áfengi í skilningi laganna og telst það vera hver sá neysluhæfur vökví sem inniheldur meira að rúmmáli en 2,25% af hreinum vínanda. Í núgildandi áfengislögum eru duft, kökur og annað sem vínandi er í sem leysa má upp í vökva einnig talið áfengi. Því er það ekki rétt sem fram kemur í greinargerð með 2. gr. að skilgreiningin á áfengi sé í samræmi við gildandi lög. Ekki verður séð að ástæða sé til að fella út úr lögnum þessa rýmri skilgreiningu þar sem hún hefur raunhæfa þýðingu þar sem t.d. er unnt að fá keypt duft sem breyta má í áfengi með því að leysa það upp í vatni. Er því ástæða til að halda inni skilgreiningunni á áfengi eins og hún er í núgildandi lögum.

3.

Ekki kemur fram í greinargerð að í frumvarpinu er fellt út einkaleyfi ÁTVR til að flytja inn spíra (tollskrárnúmer 2207.1000) sem áður var í 3. gr.. Ekki er sérstaklega tekið á því í frumvarpinu hvernig staðið skuli að þeim innflutningi eftir að einkaleyfi ÁTVR er fallið niður. Ef það er ætlunin að spíri falli undir áfengishugtakið verður það að koma skýrt fram. Áfengi er skilgreint sem neysluhæfur vökví skv. 1. gr. frumvarpsins. Sú skilgreining á tæplega við um spíra a.m.k. ekki nema hann sé sérstaklega meðhöndlaður. Reyndar er áfengi sterkara en 80% víða flokkað sem eiturefni í löggjöf landa. Af þessum sökum er rétt að vekja sérstaka athygli á nauðsyn þess að um spírainnflutning gildi ákveðnar reglur hér eftir sem hingað til.

4.

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins hefur ÁTVR einkaleyfi til smásölu áfengis.

Engu að síður er í 3. og 5. gr. fjallað um hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að fá leyfi til að stunda smásölu áfengis. Virðast þau ákvæði að þessu leyti, lítið erindi eiga inn í löggjöfina þar sem ætla má að sá aðili sem Alþingi veitir einkaleyfi sé talinn uppfylla þessi skilyrði og þar sem um einkaleyfi er að ræða þarf ekki að taka afstöðu til annarra aðila. Á meðan Alþingi sjálft velur þann aðila sem einn á að hafa heimild til smásölu áfengis þá þjónar tilgreining þeirra skilyrða sem smásöluaðili þarf að uppfylla til að fá útgefið leyfi, engum tilgangi.

5.

Í 10. og 11. gr. frumvarpsins eru reglur um samskipti ÁTVR og sveitarstjórna vegna rekstrar áfengisútsala. Þær reglur sem nú eru í gildi hafa reynst ágætlega og hafa samskipti ÁTVR og sveitarfélaganna ekki gefið neitt tilefni til breytinga. Reyndar hefur við opnun nýrra áfengisútsala verið haft samráð við sveitarstjórnir með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir þó ekki hafi verið um formlega leyfisveitingu að ræða af hálfu sveitarfélaganna. Að mati ÁTVR er því eðlilegt að eldri leyfi haldi gildi sínu og ekki verði nauðsynlegt eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða að sækja um smásöluleyfi fyrir þegar starfandi útsölur. Til rekstrar nýrra áfengisútsala þurfi hins vegar að afla leyfa í samræmi fyrir mæli nýrra laga.

6.

Í 4. mgr. 13. frumvarpsins er sveitarstjórn heimilað að gefa út vínveitingaleyfi til bráðabirgða meðan umsókn um nýtt leyfi er til meðferðar. Rétt sýnist að takmarka þann tíma sem viðkomandi aðili getur starfað á grundvelli slíks bráðabirgðaleyfis þar sem ella er hætt við að bráðabirgðaleyfin verði langlíf. Meginreglan hlýtur að eiga að vera sú að viðkomandi starfsemi fari fram á grundvelli fullgilds leyfis en bráðabirgðaleyfin séu aðeins skammtímaráðstöfun.

7.

Í 5. mgr. 13. gr. segir að leyfishafi skuli tilnefna stjórnanda sem annist daglegan rekstur og beri ábyrgð á honum ásamt leyfishafa. Nauðsynlegt er að afmarka ábyrgð þessa stjórnanda. Ábyrgð á daglegum rekstri getir verið mjög víðtæk. Í greinargerð er sagt að ákvæðinu sé ætlað að leiða til þess að á viðkomandi stað sé ávallt einstaklingur sem beri ábyrgð á rekstrinum gagnvart lögreglu og öðrum yfirvöldum. Með þessu orðalagi virðist gengið skemmra en í frumvarpstextanum sjálfum. Engu að síður hlýtur sú spurning að vakna við hvaða yfirvöld sé átt? Er það ætlunin með þessu að gera stjórnandann t.d. ábyrgan gagnvart skattayfirvöldum. Það verður að setja þessa reglu um ábyrgð stjórnanda þannig fram að það sé algerlega ljóst í hverju ábyrgðin á að felast og gagnvart hverjum hún gildir.

8.

Í 2. mgr. 14. gr. segir að umsækjandi um leyfi til áfengisveitinga skuli áður en leyfið er gefið út setja tryggingu fyrir greiðslu krafna á hendur honum ef til gjaldþrotaskipta eða rekstrarstöðvunar hans kæmi. Á fjárhæð tryggingarinnar að vera í samræmi við umfang rekstursins. Ekki er með neinum hætti takmarkað til hvers tryggingin eigi að ná þannig að skilja verður ákvæðið sem svo að það eigi að tryggja greiðslur allra krafna á hendur leyfishafa ef til rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots hans kemur. Er hér um verulega íþyngjandi ákvæði að ræða sem tæplega á sér nokkurt fordæmi í íslenskri löggjöf. Rétt er að hafa í huga að því er sjaldnast þannig varið að sá sem fær leyfi til vínveitninga hafi einungis vínsölu með höndum. Algengara er að um sé að ræða matsölustaði og/eða

skemmtistaði sem hafa leyfi til vínveitinga sem hluta af sinni starfsemi. Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. þyrfti leyfishafinn að setja tryggingu fyrir öllum kröfum á hendur honum hvort sem þær tengdust vínveitingum eða öðrum þáttum rekstursins, enda vandséð hvernig hægt væri að greina þar nákvæmleg á milli. Er mjög vafasamt að það fái staðist að slík íþyngjandi regla sé sett til höfuðs einni starfsgrein.

9.

Í 3. mgr. 14. gr. kemur fram að sveitarstjórn skuli tilkynna viðkomandi lögreglustjóra um þau leyfi sem hún veitir. Hins vegar er ekkert ákvæði í frumvarpinu um að upplýsingum um vínveitingaleyfi sé safnað saman á landsvísu né heldur eru í því reglur um aðgengi að þeim upplýsingum t.d. fyrir seljendur áfengis. Þó má ljóst vera að heildsalar áfengis hljóta að þurfa góðan aðgang að slíkum upplýsingum þar sem þeim er óheimilt að selja veitingamönnum sem ekki hafa vínveitingaleyfi áfengi. Því er afar mikilvægt að skrá yfir öll gild vínveitingaleyfi á hverjum tíma sé til á einum stað og aðgengi áfengisheildsala að henni sé tryggt.

10.

Í 17. gr. er fjallað um heimild til að veita ábyrgðarmanni húsnæðis leyfi til áfengisveitinga af sérstöku tilefni. Ekki er nánar skýrt hver telst vera ábyrgðarmaður húsnæðis hvorki í ákvæðinu sjálfu né í athugasemdum við það. Er full þörf á því að skýra hvað átt sé við með ábyrgðarmanni í þessu tilliti. Er eingöngu um eiganda húsnæðis að ræða eða leigutaka þegar það á við? Er nægilegt að viðkomandi aðili leigi sal eitt kvöld til að hann teljist ábyrgðarmaður húsnæðisins. Er ábyrgðarmaður í þessu tilviki að selja eða veita áfengi í atvinnuskyni og geti því átt viðskipti við hvern þann, sem hefur leyfi til að selja áfengi í heildsölu? Sé svo, er hér um **verulega breytingu** að ræða á einkarétti ÁTVR. Hér vantar frekari skýringar.

11.


Í 2. mgr. 19. gr. er tekið upp úr núgildandi áfengislögum ákvæði um bann við að neyta áfengis í félagsherbergjum. Í 2. mgr. 17. gr. áfengislaga nr. 33/1935 var svohljóðandi ákvæði: *"Ekkert félag manna má hafa um hönd í félagsskap áfengisveitingar né heldur má áfengisnautn fara fram í félagsherbergjum, hvort sem þau eru í húsi félagsins eða annarra, nema leyfi lögreglustjóra komi til."* Lagagreininni var síðan breytt í núverandi horf með lögum nr. 58/1954. Ljóst er að orðið félagsherbergi hefur ekki þá merkingu sem það hafði í upphaflega samhenginu. Er því rétt í tengslum við setningu nýrra áfengislaga að færa þennan texta yfir á skiljanlega íslensku og tala þá frekar t.d. um félagsheimili og aðra félagsaðstöðu félaga, sé þessarar takmörkunar talin þörf.

12.

Í 20. gr. er fjallað um bann við auglýsingum á áfengi. Er greinin samhljóða 16. gr. a) núgildandi laga. Reynslan af beitingu þessarar greinar er ekki góð, reyndar svo slæm að segja má að yfirvöld hafi verulegu leyti gefist upp á því að framfylgja henni. Á það sérstaklega við um auglýsingar þeirra sem framleiða óáfengar tegundir drykkja undir sama vörumerki og áfenga drykki. Þannig hafa heildsalar/framleiðendur komist upp með að auglýsa vörumerki sitt undir því yfirskyni að um óáfenga drykki sé að ræða jafnvel þótt aðeins séu fluttir inn til landsins áfengir drykkir viðkomandi framleiðanda. Er því fullt tilefni til að endurskoða þetta ákvæði þannig að mögulegt sé að framfylgja því gagnvart öllum sem hlut eiga að máli.

Þrátt fyrir þær athugasemdir sem hér hafa verið gerðar af hálfu ÁTVR er rétt að það komi fram að fyrirtækið fagnar því að áfengislögin skuli nú endurskoðuð. Eru margar þeirra breytinga sem frumvarpið ber með sér til mikilla bóta. Hins vegar er mikilvægt þegar heildarendurskoðun á lögum á sér stað eins og í þessu tilviki, að öll sjónarmið komist að til að tryggja sem bestan árangur.

Virðingarfyllst,
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins



Höskuldur Jónsson

Hjálagt: Grein um duftvín úr Wine 1998, aprílblaði.
Poki með víndufti.

GrapeVINE

New trans-American wine partnership

fresh on the heels of the release late last year of Luce della Vite, the fruit of a joint venture between Seña's Robert Mondavi and Tuscan-based Frescobaldi family (see Grapevine, p. 10, 1998), the West Coast wine dynasty has now nurtured a trans-cultural coalition, this time within Chile. Seña is a 'ultra-premium' wine which is produced in partnership with the families of Robert Mondavi and Eduardo Chadwick. Chadwick, president of the oldest winery, Viña Errazuriz, says: 'Seña fulfils our dream of producing a wine that captures the essence of Chile's terroir and which provides a benchmark for the best Chilean wine to offer.' Seña (the name comes from a distinguishing or 'personal signature') is a blend of Cabernet Sauvignon, Merlot and Carmenère, a variety which though widely grown in the Médoc in the early 18th century is scarcely planted in Chile today. The first vintage of the wine, the 1995, is released this month.

The wine, which retails for about £12 a bottle, was made at the Errazuriz Don Maximiano Winery in the town of

Panquehue, in the Aconcagua valley region of Chile. It was made under the supervision of wine makers Irene Paiva from Caliterra, Errazuriz's sister winery, Ed Flaherty from Errazuriz and Tim Mondavi, wine grower and managing director of Robert Mondavi. There are long term plans to build a separate winery for Seña.

So, how will the production of Seña impact on Errazuriz's previous top-of-the-range wine, Don Maximiano? Well, according to both Eduardo Chadwick and Ed Flaherty, 'there is a difference in philosophy' between the two wines. The Don Maximiano will remain a Cabernet-based wine, while Seña aims to be more of a Bordeaux-style blend. And while Don Maximiano will have 40-50% new oak, Seña will see about 40% new French oak each year.

Seña will be put together each year by Tim Mondavi, while Don Maximiano will continue to be put together by Ed Flaherty, with the top grapes from the top sites on the estate divided 50/50 between the two. However, simple mathematics seems to indicate that either less or lower quality Don Maximiano must be produced as a result of this Trans-American cooperation.



Seña: latest family winery to 'step out' with Mondavi

new, what a corker

The February issue of Wine Grapevine stated that the Sey Vale was putting its 1997 production of 1,500 cases of Riesling into screw-

capped bottles. The 1,500 cases were, in fact, an allocation from the normal production. The majority of the production will appear with a cork, as normal.

New head of wine for Christie's

Christie's has announced that Christopher Burr MW will take over as head of Christie's European Wine Department on 15 June, 1998.

Christie's European Wine Department is also responsible for wine sales in Asia, as well as Europe, and works closely with Christie's South Kensington wine department and the Christie's team in North America. In his new role, Christopher Burr MW will work closely with Michael Broadbent MW, the founder and non-executive chairman of Christie's International Wine Department. Christopher Burr passed his Master of Wine in 1995 and has worked as European director for Bass Brewers, managing director of Domaine Drouhin and Associates and is currently the managing director of Mentzendorff.



Christie's: a global challenge for Christopher Burr MW?


Japanese set to launch powdered wine

Those ingenious Japanese have come up with an alternative to lugging around bottles of wine.

They have managed to reduce wine down to a powder form, by a process of cryogranulation which can then be reconstituted by the addition of liquid dihydrogen oxide. Red and white wine is available in packets the size of a tea bag, which will be enough for the equivalent of two glasses of wine.

The reconstitution process has yielded further benefits, in allowing consumers to choose the alcoholic strength of wine by the amount of liquid dihydrogen oxide added. Add a little and you will get a wine with the alcoholic strength of a big Australian Shiraz; add a lot and the wine will be like a Mosel Riesling.

Professor Yamaguchi, the brains behind the process, has recently discovered that if the liquid dihydrogen oxide is carbonated, then the drink takes on a remarkable resemblance to sparkling wine. 'With this development', explains Yamaguchi, 'a whole new potential for locally flavoured wines becomes avail-



Powdered wine: can you tell the difference?

able. For example, if the liquid dihydrogen oxide was sourced in Bordeaux, the cryogranulated wine should taste like a claret'.

Yamaguchi hopes that shops will stock different, internationally-sourced still and carbonated liquid dihydrogen oxide so that the consumer will effectively have a whole wine shop at their disposal. The professor intends to put the wine into blind tastings to see how it fares against conventional rivals.

The Japanese Food Safety Commission will announce whether this discovery is safe to consume on April 1 this year.

Hungary's Wine Maker of the Year

Hungary's Wine Maker of the Year Award for 1997 has gone to Jozsef Bock, from the country's top red wine producing area, Villány. This marks the fourth time in the annual award's seven-year history that a Villány producer has received the coveted prize.

The award, sponsored by the prestigious Hungarian Wine Academy, was presented to Bock at a five-course gala luncheon held in his honour at the Hotel Budapest Hilton on 8 February.

Bock owns 15ha of vineyards in the Villány-Siklós wine producing region, 5km from Hungary's border with Croatia. Most of his red grapes are grown in the cherished soils of Villány's Jammertal valley. Bock hails from a line of wine makers, and has been instrumental in the area's 'rebirth'



Bock: another accolade for the Villány region

since the end of communism eight years ago - when private ownership and production of wine in the Eastern Bloc became encouraged once again.

'Now Villány is motivating other regions throughout Hungary to improve their wine production,' says Bock, 'so that the demand of the domestic and international markets - quality and quantity - can be met.'